



SUÐURTANGI – ENDURSKOÐUN DEILISKIPULAGS

Suðurtangi, íbúðar- og þjónustusvæði

Suðurtangi, hafnar- og iðnaðarsvæði

Skipulagslýsing

1. september 2023





SUÐURTANGI – ENDURSKOÐUN DEILISKIPULAGS

Suðurtangi, íbúðar- og þjónustusvæði

Suðurtangi, hafnar- og iðnaðarsvæði

Skipulagslýsing

Skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010





Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	ii
1 Inngangur	3
1.1 Tildrög.....	3
1.2 Tilgangur og markmið.....	3
2 Forsendur og samhengi skipulagsgerðar	4
2.1 Skipulagssvæðið	4
2.2 Staðhættir og umhverfisaðstæður	5
2.3 Nýting svæðis	6
2.4 Menningarminjar.....	7
2.5 Veðurfar.....	9
2.6 Náttúruminjar.....	9
2.7 Náttúruvá	9
2.7.1 Ofanflóð.....	10
2.7.2 Sjávarflóð.....	10
2.8 Hindranaflötur Ísafjarðarflugvallar	11
2.9 Innviðir.....	12
2.9.1 Veitur.....	12
2.9.2 Gatnakerfi.....	12
2.9.3 Gönguleiðir	12

2.9.4 Sorp	12
2.10 Gildandi aðalskipulag	12
2.11 Gildandi deiliskipulag	17
2.12 Tengsl við aðrar áætlanir.....	17
3 Viðfangsefni og áherslur	19
4 Umhverfismat deiliskipulags	19
4.1 Matsskylda áætlunar.....	19
4.2 Mikilvægir umhverfispættir	19
4.3 Aðferðir við umhverfismat	20
4.4 Valkostir	21
5 Skipulagsferlið	24
5.1 Kynning og samráð.....	24
5.2 Tímaáætlun verkefnis.....	24
6 Ábyrgðar- og samráðsaðilar við gerð deiliskipulags	25
6.1 Bæjarstjórn og skipulags- og mannvirkjanefnd.....	25
6.2 Vinnuhópur	25
6.3 Samvinna við íbúa og hagsmunaaðila	25
6.4 Umsagnaraðilar	26
Heimildir	27
Viðauki	29



1 Inngangur

1.1 Tildrög

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur ákveðið að hefja vinnu við endurskoðun á tveimur deiliskipulögum á Suðurtanga Skutulsfjarðareyrar:

- ♦ *Suðurtangi, hafnar- og iðnaðarsvæði* [eystri hluti Suðurtanga - Sundabakki og Æðartangi]
- ♦ *Suðurtangi, íbúðar- og þjónustusvæði* [vestari hluti Suðurtanga – Neðstikaupstaður og slippur]

Hvati skipulagsbreytinganna er aukin eftirspurn atvinnulóða á Ísafirði síðustu misseri. Í núgildandi aðalskipulagi og fyrrnefndum deiliskipulögum er ekki gert ráð fyrir þeim umsvifum sem nú eru á svæðinu og eru fyrirséð, einkum í tengslum við ferðaþjónustu og fiskeldi. Skapa þarf rými fyrir þessar og aðrar atvinnugreinar og samræma sífellt fjölbreyttari starfsemi hafnarinnar á Ísafirði. Ísafjarðarhöfn hefur þróast úr því að vera fyrst og fremst fiskihöfn yfir í það að þjóna fjölbreyttri flóru báta og skipa í takt við stefnu bæjarins og hafnarinnar.

Árið 2021 hófust framkvæmdir við lengingu Sundabakka og landfyllingu inn af honum í samræmi við aðalskipulag, deiliskipulag og fyrirliggjandi umhverfismat.¹ Áætlað er að framkvæmdum við lengingu hafnarkantsins ljúki árið 2024.

Endurskoðun deiliskipulaganna verður unnin samhliða en skipulagið fyrir vestari hluta tangans (íbúðar- og þjónustusvæði) mun ekki taka gildi fyrr en að loknum breytingu á gildandi aðalskipulagi. Tekin hefur verið ákvörðun um að falla frá íbúðarbyggð á Suðurtanganum og skapa aukið rými fyrir atvinnulóðir. Gert er ráð fyrir þessum breytingum á aðalskipulaginu við heildarendurskoðun þess.

Endurskoðun deiliskipulags á eystri hluta tangans (hafnar- og iðnaðarsvæði) er í samræmi við gildandi aðalskipulag og kallar því ekki á aðalskipulagsbreytingu.

Í báðum deiliskipulögum er gert ráð fyrir nokkuð afgerandi breytingum og því var ákveðið að endurskoða þau í heild sinni. Gildandi skipulög verða bæði felld úr gildi og ný taka gildi í þeirra stað. Vestara deiliskipulagið (*Suðurtangi, íbúðar- og þjónustusvæði*) fær heitið *Suðurtangi, iðnaðar-, athafna- og þjónustusvæði*. Heiti eystra skipulagsins, *Suðurtangi, hafnar- og iðnaðarsvæði*, breytist ekki.

Endurskoðun deiliskipulaganna er unnin í samræmi við 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Ráðgjafi við skipulagsgerðina er Verkís.

1.2 Tilgangur og markmið

Markmiðið með endurskoðun deiliskipulaganna er að fjölga atvinnulóðum, m.a. í sjávar tengdri starfsemi, og samþætta fjölbreytta nýtingu á skipulagssvæðinu.

Við útfærslu skipulagsins verður lögð áhersla á öryggi vegfarenda, gæði byggðar, ásýnd svæðisins, menningarminjar og viðbrögð og varnir við sjávarflóðum. Séstaklega þarf að huga að gönguleiðum farþega skemmtiferðaskipa og árekstrum þeirra við starfsemi á Suðurtanga og Eyrinni.

Ísafjarðarbær leggur áherslu á að sjálfbær þróun verði höfð að leiðarljósi við ákvarðanatöku um útfærslu svæðisins. Með skipulagsgerðinni gefist íbúum og hagsmunaaðilum möguleiki á að hafa áhrif á sitt nærumhverfi.

¹ Ísafjarðarbær, 2021



Hvað er skipulagslýsing

Í upphafi vinnu að skipulagi er tekin saman lýsing fyrir verkefnið þar sem **gerð er grein fyrir tildrögum skipulagsvinnunnar** og hvernig fyrirhugað er að standa að skipulagsgerðinni. Lýsingin er þannig eins konar verkáætlun fyrir skipulagsgerðina.

Lýsingin er **kynnt opinberlega** og samtímis er leitað umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila.

Helsta markmið skipulagslýsingar er að **íbúar og aðrir hagsmunaaðilar**, þ.á.m. stjórnvöld, stofnanir og fagaðilar með sérþekkingu á hinum ýmsu sviðum, **fái tækifæri til að kynna sér áformin** strax í upphafi og geti þannig komið á framfæri **athugasemdum** og **ábendingum** um **nálgun** við áætlunargerðina, **viðfangsefni** hennar og **helstu forsendur**.

Allar þær ábendingar sem berast við lýsingu þessa verða þannig **nýttar til að skilgreina verkefnið og ferli þess nánar**, en einnig við greiningu og stefnumótun á síðari stigum vinnunnar. Þannig aukast líkur á því að skipulagstillagan byggji á sem breiðustum grunni og taki á þáttum sem mikilvægir eru og snerta framtíðarþróun hverfisins.

2 Forsendur og samhengi skipulagsgerðar

2.1 Skipulagssvæðið

Deiliskipulagssvæðin taka til Suðurtanga Skutulsfjarðareyrar á Ísafirði sem er neðsti hluti Eyrarinnar (Mynd 1).

Deiliskipulagssvæði hafnar- og iðnaðarsvæðis á austurhluta Suðurtanga er um 10 ha að stærð og afmarkast af Ásgeirsgötu og Sundabakka að Sundahöfn í norðri og af íbúðar- og þjónustusvæði gildandi skipulags í vestri og suðri. Í gildandi aðalskipulagi er Sundabakki skilgreindur sem hafnarsvæði og innan við hann er iðnaðarsvæði fyrir fjölbreyttan iðnað.

Deiliskipulagssvæði íbúðar- og þjónustusvæðis á vesturhluta Suðuranga er um 12,5 ha að stærð og afmarkast af Ásgeirsgötu og Ásgeirsbakka í norðri og af hafnar- og iðnaðarsvæði í austri. Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir íbúðarsvæði eftir endilöngum tanganum. Næst sjó er svæði fyrir þjónustustofnanir og nyrst er ræma sem tilheyrir miðsvæði. Syðst á tanganum er grænt svæði.



Mynd 1 Afmörkun deiliskipulagssvæðanna. (Mynd frá Loftmyndum ehf., tekin 2020)

2.2 Staðhættir og umhverfisaðstæður

Stór hluti Suðurtanga er flöt landfylling sem liggur lágt. Vestasti hluti svæðisins er hinn náttúrulegi Suðurtangi og þar er að finna einu upprunalegu fjöruna sem eftir er á Eyrinni.

Landfyllingin hefur stækkað með tímanum. Á uppdrætti af Ísafjarðarkaupstað árið 1913, sést hversu lítið land var á þessu svæði (Mynd 2).

Í gildandi aðalskipulagi og deiliskipulagi er gert ráð fyrir stækkun landfyllingar á austanverðum Suðurtanga vegna lengingar Sundabakka. Unnið hefur verið að lengingu bakkans frá árinu 2021 og er hann nú að mestu tilbúinn. Síðustu misseri hafa risið byggingar á eystri hluta Suðurtanga í samræmi við deiliskipulag.


Staðhættir á Suðurtanga gera það að verkum að uppbygging á svæðinu er nokkrum takmörkum háð. Miða þarf skipulagsgerðina við líklega sjávarhæð og möguleg sjávarflóð í framtíðinni. Þekkt er að sjór flæðir á land þegar hásjávað er og vestlægar vindáttir eru sterkar. Í gildandi deiliskipulagi eru ákvæði um hæð landsins m.t.t. hættumats vegna sjávarflóða (nánar í kafla 2.7.2).

Nálægð við Ísafjarðarflugvöll er nokkur en hæðartakmarkanir vegna hans hafa áhrif á öllu skipulagssvæðinu, einkum syðst (nánar í kafla 2.8).

Sól á skipulagssvæðinu er með mesta móti miðað við Skutulsfjörð. Landið liggur tiltölulega langt frá fjöllum og nýtur því sólar við, frá morgni og fram eftir kvöldinu. Svæðið er fremur lítið gróið enda samanstendur það af fyllingum og fjörukambi.

Á síðari hluta áttunda og á níunda ártugar síðustu aldar var óbrennanlegt sopp urðað á uppfyllingarsvæðum á Suðurtanga (nánar í kafla 2.9).

Fjallað er um nýtingu á Suðurtanga í næsta kafla.



Mynd 2 Afmörkun deiliskipulaga og götuheiti sýnd á uppdrætti frá 1913.
(Landsmælingar Íslands)

2.3 Nýting svæðis

Gildandi aðal- og deiliskipulag gerir ráð fyrir hafnar- og iðnaðarsvæði á eystri hluta Suðurtanga en á vestari hlutanum er einkum gert ráð fyrir íbúðarbyggð og þjónustusvæði. Á austanverðum tanganum hefur verið unnið að stækkun landfyllingar og lengingar Sundabakka síðan árið 2021. Hafnarkanturinn er kominn í notkun og er unnið að frekari frágangi á honum. Síðustu misseri hafa risið byggingar á eystri hluta Suðurtanga í samræmi við deiliskipulag. Göturnar Suðurtangi, Æðartangi og Kríutangi hafa verið lagðar í samræmi við gildandi deiliskipulag en eru ekki fullgerðar. Aðrar götur hafa ekki verið gerðar.

Á Ísafirði hefur eftirspurn eftir atvinnulóðum aukist og meira hefur verið byggt af íbúðarhúsnæði en áður. Lóðir sem liggja nálægt hafnarkanti eru verðmætar fyrir þau fyrirtæki sem nýta og vinna auðlindir sjávar eða flytja út vörur með skipi.

Við gildistöku vestara deiliskipulagsins (2015) voru tíu byggingar á sjö lóðum á skipulagssvæðinu. Engar nýjar byggingar hafa risið þar frá gildistöku þess. Nokkur starfsemi er á svæðinu, bæði iðnaður og söfn en einnig nokkrar íbúðir. Elstu húsaþyrpingu landsins er að finna í Neðstakaupstað. Sjósportiðkendur hafa aðstöðu í fjörunni neðan við Suðurtanga 2 og Neðstakaupstað. Sunnan við slippinn hefur Ísafjarðarbær boðið upp á útleigu á básum til geymslu.

Við gildistöku eystra deiliskipulagsins (2015) var ein bygging á skipulagssvæðinu en nú hafa risið fjórar byggingar fyrir atvinnustarfsemi. Tæplega 8.000 m² gámaþvöllur er nýrst á skipulagssvæðinu ásamt viðlegukanti og tilheyrandi hafnarsvæði.

Fyrir á þessu ári var gerð breyting á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og er nú gert ráð fyrir íbúðarbyggð á nýrri landfyllingu norðan Skutulsfjarðareyrar. Á Eyrinni er einnig tækifæri til þéttingar byggðar og fleiri möguleikar eru til stækkunar íbúðarsvæða í Skutulsfirði. Því hefur sú stefna verið mörkuð að falla frá íbúðarbyggð á Suðurtanga og fjölga atvinnulóðum á tanganum í takt við aukna eftirspurn þeirra. Fyrirhugað er að þessi



breyting, úr íbúðarsvæði í iðnaðar og/eða athafnasvæði á Suðurtanga, verði gerð í heildarendurskoðun Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020, sem líklega mun taka gildi í lok árs árið 2024 eða fyrri hluta árs 2025.

Samræma þarf núverandi og fyrirhugaða starfsemi atvinnugreina á skipulagssvæðinu og tryggja nægt rými til vaxtar. Mikil aukning í komu skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar hefur aukið álag á innviði bæjarins og árekstrum á milli farþega skipanna og atvinnustarfsemi á tanganum hefur fjölgað í takt við það.^{2 3}

Suðurtanginn hefur takmarkað útivistargildi í dag. Lítið er um aðgengilegar fjörur á svæðinu, enda er það að mestu leyti landfylling. Þó er fjaran við Neðstakaupstað og slippinn aðgengileg en er fremur óaðlaðandi vegna lélegrar umhirðu. Gæði svæðisins liggja í nálægðinni við sjóinn og þeim menningarminjum sem þar eru. Svæðið hefur mikla möguleika og er auk þess í nálægð við miðbæinn og íbúðarbyggð.

Á síðari hluta áttunda og á níunda ártug síðustu aldar var óbrennanlegt sorp urðað á uppfyllingarsvæðum á Suðurtanga. Eftir að sorpbrennslustöðinni á Skarfaskeri var lokað var almennt sorp einnig urðað á svæðinu eða þar til Sorpbrennslan Funi í Engidal tók til starfa árið 1994 (nánar í kafla 2.9.4).

Nú er unnið að verkefninu Nýsköpunarbærinn Ísafjörður í samstarfi við Vestfjarðarstofu. Verkefninu er ætlað að efla Ísafjörð sem nýsköpunarbæ og ýta undir og efla hugarfar nýsköpunar á svæðinu. Markmið verkefnisins er að tengja miðbæinn og hafnarsvæði Ísafjarðar saman í gegnum vinnu við endurskoðun aðalskipulags Ísafjarðarbæjar.⁴ Einnig er unnið að þessu markmiði í deiliskipulagi miðbæjar Ísafjarðar sem nú í vinnslu.

² Ísafjarðarbær, 2019

³ Ísafjarðarbær, 2023

⁴ Vestfjarðastofa, 2023B

⁵ Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher, 2002

⁶ Elísabet Gunnarsdóttir og Jóna Símonía Bjarnardóttir, 1992-93

2.4 Menningarminjar

Fornleifaskráning var unnin fyrir Ísafjarðarbæ árið 2002 af Ragnari Edvardssyni og Ruth A. Maher.⁵ Skráningin er komin til ára sinna og uppfyllir því ekki þau skilyrði sem sett eru í dag fyrir skráningu við deiliskipulagsgerð skv. lögum um menningarminjar. Húsakönnun fyrir Eyrina á Ísafirði var unnin á árunum 1992-93 af Jónu Símoníu Bjarnadóttur og Elísabetu Gunnarsdóttur.⁶

Nú er unnið að afmörkun *verndarsvæðis í byggð* fyrir gamla bæinn á Ísafirði í samræmi við 5. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015.⁷ Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar auglýsti tillöguna formlega frá 25. ágúst til 7. október 2022. Tillagan bíður nú staðfestingar ráðherra. Tillaga að verndarsvæðinu tekur til þeirra svæða sem má rekja til upphafs þéttbýlismyndunar á Ísafirði, frá því um miðbik 18. aldar, m.a. Neðstakaupstaðar (Mynd 4). Í tillögunni segir:

*Varðveislugildi byggðarinnar er metið hátt út frá gildi byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, uppruna og ástands.*⁸

Í tengslum við verkefnið *verndarsvæði í byggð* var húsakönnunin á Ísafirði uppfærð⁹ sem og fornleifaskráning¹⁰, m.a. í Neðstakaupstað. Í Neðstakaupstað er elsta húsabyrping landsins, en þar standa fjögur hús frá átjándu öld sem öll eru friðlýst. Auk uppistandandi húsa eru fjögur önnur hús skráð sem fornminjar í Neðstakaupstað en þau eru nú horfin og staðsetning þeirra óviss.¹¹ Byggð hefur verið í Neðstakaupstað frá upphafi einokunarverslunarinnar (1602-1787) en húsabyrpingin sem enn er uppistandandi er frá lokum þess tímabils. Stóran hluta tuttugustu aldarinnar setti skipasmíði svip sinn á byggðina í Skutulsfirði. Skipasmíðastöð var reist árið 1939 í

⁷ Alta, 2022

⁸ Alta, 2022

⁹ Bragi Bergsson o.fl., 2022

¹⁰ Ragnar Edvardsson, 2019

¹¹ Ragnar Edvardsson og Ruth A Maher, 2002

Suðurtangi – Endurskoðun deiliskipulags Skipulagslýsing

Suðurtanga.¹² Skipasmíðastöðin og dráttarbrautin standa enn í Suðurtanga en starfsemi þar er nú takmörkuð.

Samkvæmt uppfærðri fornleifaskráningu eru sjö minjar á skipulagssvæðinu, allar í Neðstakaupstað (Mynd 3). Í fornleifaskráningu frá 2002 eru átta minjar skráðar í Neðstakaupstað. Í uppfærðri fornleifaskráningu segir að mikilvægt sé að fara yfir alla fornleifaskráninguna frá 2002, t.d. við skipulagningu svæða. Í báðum fornleifaskráningunum kemur fram að fleiri fornminjar kunni að leynast við Neðstakaupstað.

Auk þeirra fjögurra friðlýstu húsa sem finna má í Neðstakaupstað eru tvö hús með miðlungs varðveislugildi og eitt með lágt varðveislugildi samkvæmt uppfærðri húsakönnun. Í húsakönnuninni er afmarkað svæði sem lagt er til að vernda með hverfisvernd vegna umhverfislegrar sérstöðu. Neðstakaupstaður og fjaran sunnan hans njóta nú þegar hverfisverndar skv. Aðalskipulagi Ísafjarðar 2008-2020. Markmið aðalskipulagsins varðandi hverfisvernd í Neðstakaupstað eru að:


- ♦ Varðveita húsabyrpinguna og tryggja gæði umhverfisins þannig að svæðið styrkist sem heild
- ♦ Varðveita fjöruna en jafnframt tryggja aðgengi almennings að henni

Ákvæði hverfisverndarinnar lúta að því að öll uppbygging á svæðinu skuli miða að varðveislu sögu- og menningarminja og auka möguleika svæðisins sem safnasvæðis. Breytingar á húsum og hönnun lóða skulu gerðar í samráði við Húsafriðunarnefnd. Í gildandi aðalskipulagi er lögð áhersla á að auka aðgengi almennings að fjörunni við Neðstakaupstað.



Mynd 3 Skráðar fornminjar á Suðurtanga. (Minjastofnun, 2023. Loftmynd frá Loftmyndum ehf., tekin 2020)

¹² Byggðasafn Vestfjarða, 2005



Mynd 4 Afmörkun verndarsvæðis í byggð - Neðstikaupstaður og gamli bærinn á Skutulsfjarðareyri. Tillaga til auglýsingar. (Alta, 2022)

2.5 Veðurfar

Tvær veðurathugunarstöðvar eru í Skutulsfirði, á höfninni og í botni Skutulsfjarðar. Algengustu vindáttir eru norðaustan áttir og suðvestan áttir. Á hlýjum sumardögum gætir jafnan hafgölu inn fjörðinn úr norðaustri. Úrkoma er fremur lítil á Ísafirði, sérstaklega yfir sumarmánuðina (Tafla 1).

Tafla 1 Meðalúrkoma á Ísafirði eftir ársfjórðungum, meðaltal árána 2003-2022.¹³

	Des.-feb	Mars-maí	Júní-ágú.	Sept.-nóv.	Meðaltal
Úrkoma í mm	104,2	67,6	39,7	116,4	82,0

2.6 Náttúruminjar

Allt land innan skipulagssvæðisins er manngert að undanskilinni fjöru sunnan við Neðstakaupstað. Hún, ásamt Neðstakaupstað, nýtur hverfisverndar í gildandi aðalskipulagi.

Engin svæði á Suðurtanganum eru á náttúruminjasrá¹⁴ og þar finnast ekki náttúrufrýrbærir sem njóta sérstakrar verndar¹⁵ skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

2.7 Náttúruvá

Skipulagssvæðið er utan hins virka gosbeltis og því ólíklegt að jarðskjálftar eða eldsumbrot hafi áhrif á landnotkun. Óveður á Tanganum hegða sér með svipuðum hætti og annars staðar á Skutulsfjarðareyri. Hér að neðan er sérstaklega fjallað um ofanflóð og sjávarflóð á skipulagssvæðinu.

¹³ Veðurstofa Íslands, 2023

¹⁴ Umhverfisstofnun, 2023

¹⁵ Náttúrufræðistofnun Íslands, 2023



2.7.1 Ofanflóð

Skipulagssvæðið fellur utan hættumarka vegna ofanflóða skv. gildandi hættumati.¹⁶ Aðeins eru þó 300-400 m frá rótum austanverðrar Kirkjubólshlíðar að Sundabakka, austast á Suðurtanga. Vestari hluti Skipulagssvæðisins er í meira en 500-600 m fjarlægð frá rótum hlíðarinnar. Hætta á ofanflóðum í Kirkjubólshlíð gegnt Suðurtanga hefur ekki verið metin en innri hluti hlíðarinnar hefur hins vegar verið hættumetinn¹⁷. Skv. matinu eru byggingar á flugvelli á hættusvæði C og hættumatslínur liggja í sjó á ytri hluta hættumetna svæðisins, þ.e. næst Suðurtanganum. Vitað er að á Kirkjubólshlíð geta komið stór flóð sem ná fram í sjó. Landnotkun við ströndina á eyrinni, s.s. bryggjur og naust, hefur verið stöðug síðustu aldir og því ættu að vera til heimildir um flóðbylgjur hefðu þær myndast. Jafnframt standa mörg af elstu húsum bæjarins á þessu svæði. Hafa verður í huga að Suðurtanganum hefur verið breytt verulega á síðustu öld og fyrirhugaðar eru enn frekari breytingar.

2.7.2 Sjávarflóð

Skipulagssvæðið stendur lágt og er umlukið sjó til austurs, suðurs og vesturs. Tanginn er innan við 500 m breiður þar sem hann er breiðastur. Stór hluti skipulagssvæðisins er því nálægt strandlínunni.

Landsig er nokkurt á Ísafirði en á tímabilinu 2009-2015 mældist að meðaltali 1,82 mm sig á ári. Óvissa er nokkur um mögulega hækkun sjávar í framtíðinni en í umsögnum Vegagerðarinnar um skipulag á lágsvæðum við Faxaflóa er almennt miðað við að hækkunin verði um 0,65 m við lok 21. aldar.¹⁸

Við háa sjávarstöðu og mikla veðurhæð í SV-átt er hætta á sjávarflóðum á Eyri. Sjávarflóð eru nokkuð algeng á svæðinu og hafa 15 flóðaviðburðir með verulegu tjóni verið skráðir síðustu 130 árin.¹⁹ Víða á Eyri er rafdrifinn dælubúnaður tengdur holræsakerfinu.

Árið 2014 vann Veðurstofa Íslands drög að bráðabirgðahættumati vegna sjávarflóða á Skutulsfjarðareyri.²⁰ Skv. matinu er hætta á sjávarflóði með 10 ára endurkomutíma á hluta skipulagssvæðisins. Í matinu segir að svæðið liggja það lágt að ekki þurfi mikla vindöldu af suðvestri til að flæði yfir brimvörnina þegar hásjávað er. Við gerð nágildandi deiliskipulaga var hæð gatna og gólfkóti bygginga ákvarðaður út frá matinu. Mannvirki hafa verið byggð í samræmi við ákvæði deiliskipulaganna.

Árið 2022 birti Veðurstofa Íslands mat á endurkomutíma óveðursflóða á Íslandi (Mynd 5).²¹ Matið var gert út frá reiknilíkani með það að markmiði að kortleggja flóðahættu með samræmdri aðferð fyrir allt landið. Í kjölfarið er gert ráð fyrir nákvæmara hættumati þar sem þess er þörf. Ísafjörður er einn af þeim þéttbýlisstöðum sem koma hvað verst út úr þessu mati, þ.e. kortlagningu svokallaðs viðmiðunarflóðs eða 100 ára flóðs. Viðmiðunarflóðið er talsvert hærra en landhæðin á stærstum hluta Suðurtanga. Hafa verður í huga að líkanið tekur að takmörkuðu leyti tillit til staðbundinna þátta og reiknar því ekki trúlega útbreiðslu viðmiðunarflóðsins. Ekki er tekið tillit til hækkandi sjávarstöðu í matinu.

Í skýrslu Veðurstofunnar kemur fram að næsta skref við mat á sjávarflóðahættu á Íslandi sé að skoða framtíðarsviðsmyndir af sjávarstöðuhækkun og meta á hvaða svæðum sjávarflóðahætta kann að verða fyrir hendi árið 2150. Bent er á að það sé mikilvægt fyrir ákvarðanatöku í skipulagsmálum. Meta þurfi einnig hvar gera skuli nánara hættumat þar sem tekið er tillit til öldubátta, uppgangs flóða og annarra staðbundinna þátta. Fram kemur að eðlilegast væri að gera slíkt mat samfara viðtækara áhættumati þar sem einnig yrði tekið tillit til samfélagslegrar áhættu sem flóð geta valdið.

¹⁶ Veðurstofa Íslands, 2012


¹⁷ Veðurstofa Íslands, 2007

¹⁸ Sigurður Sigurðarson, 2018

¹⁹ Björn Erlingsson, 2014

²⁰ Björn Erlingsson, 2014


²¹ Halldór Björnsson o.fl., 2022



Mynd 5 Kort af hæð 100 ára viðmiðunarflóðs í Skutulsfirði. Þau svæði sem liggja lægra en 100 ára flóð eru blá. Litakvarðinn sýnir dýpt flóðsins. (Veðurstofa Íslands, 2022)

2.8 Hindranafötur Ísafjarðarflugvallar

Hindranafötur Ísafjarðarflugvallar hefur verið skilgreindur en flöturinn ákvarðar hámarkshæð mannvirkja á svæðinu. Hindranaföturinn stígur skáhalt frá flugbrautinni upp í 47 m.y.s. og er þaðan láréttur í sömu hæð í 14 km raddius frá endum flugbrautar. Allt skipulagssvæðið er innan hindranafatar flugvallarins. Mynd 6 sýnir hæðarlínur sem tákna leyfilega hámarkshæð mannvirkja skv. lögum um loftferðir nr. 80/2022.



Mynd 6. Hindranafötur Ísafjarðarflugvallar. Hæð leyfilegri mannvirkja er sýnd í metrum.



2.9 Innviðir

2.9.1 Veitur

Stofnlögn fráveitu liggur um Æðartanga og við syðri enda hans til sjávar um Sundabakka, þar sem er útrás.

Stofnlögn hitaveitu liggur um Æðartanga. Hitaveita og dreifikerfi rafveitu er á vegum Orkubús Vestfjarða.

Háspennustrengur á vegum Orkubús Vestfjarða liggur eftir götunni Suðurtanga.

Fjarskiptastrengir á vegum Snerpu og Mílu liggja um göturnar Suðurtanga og Æðartanga.

2.9.2 Gatnakerfi

Göturnar Æðartangi og Krítangi hafa verið lagðar í samræmi við gildandi deiliskipulag en eru ekki fullgerðar. Aðrar götur hafa ekki verið gerðar.

2.9.3 Gönguleiðir

Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir gönguleið eftir miðjum endilöngum tanganum sem og samsíða götunni Suðurtanga. Gönguleiðirnar hafa ekki verið lagðar.

2.9.4 Sorp


Á síðari hluta áttunda og á níunda ártug síðustu aldar var óbrennanlegt sorp urðað á uppfyllingarsvæðum á Suðurtanga. Eftir að sorpbrennslustöðinni á Skarfaskeri var lokað var almennt sorp einnig urðað á svæðinu þar til Sorpbrennslan Funi í Engidal tók til starfa árið 1994. Taka þarf þetta til greina við skipulagsgerðina.

2.10 Gildandi aðalskipulag

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 4.2. 2010 og staðfest af umhverfisráðherra þann 31.3. 2010 (Mynd 7). Gerðar hafa verið 15 breytingar frá staðfestingunni. Nú er unnið að heildarendurskoðun skipulagsins og má búast við að nýtt skipulag liggja fyrir seinni hluta árs 2024 eða fyrri hluta árs 2025.

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir lengingu Sundabakka og landfyllingu. Hafnarkanturinn hefur nú verið lengdur og fyllingin gerð en unnið er að frágangi á kantinum. Sundabakki og lóðirnar næst honum eru skilgreindar sem hafnarsvæði í gildandi aðalskipulagi en innar er iðnaðarsvæði. Á vestari hluta tangans er íbúðarsvæði en á milli þess og iðnaðarsvæðisins er grænt svæði með gönguleið. Einnig er grænt svæði syðst á tanganum. Vestast er þjónustusvæði, þar sem gamli slippurinn og Neðstikaupstaður eru. Nyrst á vestari hluta tangans nær deiliskipulagið inn á miðsvæði og hafnarsvæði sem tilheyrir Ásgeirsbakka (mynd 7). Neðstikaupstaður og nágrenni hans njóta hverfisverndar í gildandi aðalskipulagi.

Í endurskoðuðu aðalskipulagi verður gert ráð fyrir að íbúðarbyggð á Suðurtanganum leggist af en í staðinn komi iðnaðar- og/eða athafnasvæði í samræmi við þær tillögur sem rætt er um í þessari lýsingu. Deiliskipulagið á vestari hluta tangans tekur því ekki gildi fyrr en að lokinni heildarendurskoðun aðalskipulagsins. Gert er ráð fyrir því að deiliskipulagið fyrir eystra svæðið verði í samræmi við gildandi aðalskipulag og taki því gildi í maí 2024, gangi áætlanir eftir.



Mynd 7 Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008–2020, skjáskot af þéttbýlisupprætti – Ísafjörður.

LEIÐARLJÓS

Í leiðarljósi aðalskipulagsins má sjá helstu áhersluatriði sveitarfélagsins:

Leiðarljós aðalskipulagsins er það að sveitarfélagið Ísafjarðarbær verði fjölbreytt, framsækið og fjölskylduvænt samfélag með góðri þjónustu við alla íbúa og gesti og með þróttmikilli atvinnusköpun. Lífsgæðin og framtíðartækifærin felast í sögu, menningu og þeim náttúruauðlindum og mannaúði sem er til staðar. Áhersla er lögð á það að viðhalda þessum gæðum og takmarka ekki frelsi komandi kynslóða til að fullnægja þörfum sínum. Jafnframt skal lögð áhersla á virka þátttöku almennings sem ber ábyrgð á þróun samfélagsins og umhverfisins.

YFIRBRAGÐ BYGGÐAR

Í gildandi aðalskipulagi er lögð áhersla á aðlaðandi og fjölbreytt umhverfi til búsetu. Íbúðarsvæði verði í góðum tengslum við náttúru svæðisins og í takt við sögulegt umhverfi. Í skipulaginu segir auk þess: Menningarsöguleg verðmæti, önnur en byggingar, þarf einnig að vernda en jafnframt veita almenningi aðgang að þeim, hvort sem þau eru manngerð eða náttúruleg. Áhersla verður lögð á metnaðarfulla hönnun á umhverfi, m.a. lýsingu, gangstétta- og gatnagerð, segir í gildandi aðalskipulagi.

HAFNARSVÆÐI OG HAFNIR

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir lengingu Sundabakka og dýpkun við kantinn til að auka afkastagetu hafnarinnar. Þær framkvæmdir eru langt komnar eins og fram hefur komið.

Í skipulaginu er lögð áhersla á að uppbygging hafnarsvæða verði nýtt til að skapa sóknarfæri fyrir hvern bæ og styrki þannig stöðu Ísafjarðar sem byggðakjarna fjórðungsins. Eftirfarandi markmið eru m.a. sett í gildandi skipulagi um hafnarsvæði:



Suðurtangi – Endurskoðun deiliskipulags Skipulagslýsing

- ◆ Aðstaða á hafnarsvæðum miðist við þarfir sjávarútvegsins en einnig annarra atvinnugreina, eins og vöru- og farþegaflutninga og ferðaþjónustu
- ◆ Aðstaða fyrir smábátaútgærð verði til fyrirmyndar
- ◆ Aðstaða fyrir skemmti- og frístundabáta verði tryggð
- ◆ Aðstaða verði til að þjónusta skip vegna siglinga í Norðurhöfum og vinnslu á Austur Grænlandi
- ◆ Ásýnd og umgengni á hafnarsvæðum verði til fyrirmyndar

Í gildandi aðalskipulagi nær hafnarsvæði K1 frá Suðurtanga og að Mávagarði. Á reitnum er gert ráð fyrir starfsemi sem sækir styrk sinn í nálægð við höfn, með sérstaka áherslu á skemmtiferðaskip, ferðaþjónustu og léttan iðnað.

IÐNAÐARSVÆÐI

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir því að iðngreinar og iðnaður geti eflst og stækkað. Eftirfarandi markmið eru m.a. sett í skipulaginu um iðnaðarsvæði:

- ◆ Efla iðngreinar, nýsköpun og útflutning
- ◆ Áhersla verði lögð á endurnýjanlega orkugjafa
- ◆ Þar sem möguleikar eru á nýtingu eldri húsa í þágu atvinnutækifæra, verði fullt tillit tekið til sögu- og verndargildis húsa og umhverfis

Á austanverðum Suðurtanganum er skilgreint svæði fyrir fjölbreyttan iðnað sem samrýmist umhverfi og nálægri landnýtingu. Í ákvæðum kemur fram að huga skuli sérstaklega að nálægð við fyrirhugaða íbúðabyggð á tanganum. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika við innkomu í bæinn.

SVÆÐI FYRUIR ÍBÚÐABYGGÐ

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir þéttingu byggðar og nýrra hverfishluta, m.a. á Suðurtanga. Í aðalskipulaginu segir:

- ◆ Ávallt verði tiltækar fjölbreyttar lóðir fyrir íbúðarhús sem henti öllum aldurs- og þjóðfélagshópum. Þannig hafi fólk val um búsetu m.t.t. staðsetningar og umhverfis.
- ◆ Íbúðarsvæðin njóti góðs af því umhverfi og gæðum sem eru til staðar og raski ekki sérstöðunni, þ.e. menningarsögulegum arfi og náttúru.

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir allt að 70 nýjum íbúðum á svæði Í1 á Suðurtanganum. Í ákvæðum reitsins kemur fram að byggðin skuli vera í anda þess yfirbragðs sem er að finna á Eyrinni og að leitast skuli við að mynda góð tengsl menningarsögu og náttúru. Jafnframt segir að skoða þurfi áhrif sjávarflóða á svæðið, einkum m.t.t. hækkandi sjávarstöðu.

Fyrr á þessu ári var gerð breyting á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og er nú gert ráð fyrir íbúðarbyggð á nýrri landfyllingu norðan Skutulsfjarðareyrar. Á Eyrinni er einnig tækifæri til þéttingar byggðar og fleiri möguleikar eru til stækkunar íbúðarsvæða í Skutulsfirði.



Suðurtangi – Endurskoðun deiliskipulags Skipulagslýsing

MIÐSVÆÐI

Fjallað er um miðsvæði í kafla 7.4.3 í gildandi aðalskipulagi. Þar eru eftirfarandi markmið sett:

- ◆ Áhersla er lögð á eflingu miðbæja eða miðsvæða allra byggðakjarnanna í aðalskipulaginu, þ.e. Ísafjarðar, Flateyrar, Suðureyrar og Þingeyrar
- ◆ Áhersla verður lögð á það að gera svæðin aðlaðandi með verndun gamalla húsa og annarra einkenna, sem og snyrtilegu umhverfi. Jafnframt er lögð áhersla á fjölbreytta starfsemi svæðanna, þ.e. starfsemi sem eflir líf í miðbæjunum
- ◆ Góð tenging verði á milli miðsvæða og náttúru

Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á fjölbreytta starfsemi. Miðsvæðunum er ætlað að vera samkomustaður fólks og traustur grunnur fyrir þjónustu, verslun, mannlíf og aðra menningu. Áhersla er lögð á öflugan og líflegan miðbæ með tengingu miðsvæða við hafnarsvæði og sögustaði. Gert er ráð fyrir göngu- og hjólréiðastígum að sjó og fjöru, útsýnisstöðum og tengingum við græn svæði.

OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA

Í gildandi aðalskipulagi eru eftirfarandi markmið m.a. sett um útivist:

- ◆ Nálægð við náttúruna og sérkenni verði nýtt á sjálfbæran hátt til útivistar
- ◆ Allt skipulag taki tillit til og hvetji til útivistar, íþróttar- og tómstundastarfa
- ◆ Aðgengi að náttúru verði tryggt, m.a. að fjöru og tengsl íbúa við náttúru og umhverfi eflid.
- ◆ Íþróttir og útivist skulu fara fram í sátt við umhverfið. Auka skal umhverfisvernd og stuðla að jákvæðum viðhorfum til umhverfis

Gert er ráð fyrir útivistarsvæði á Suðurtanga í gildandi aðalskipulagi. Þar er lögð áhersla á aðlaðandi umhverfi, til mótvægis við iðnaðarsvæði í næsta nágrenni, og aðgengi að fjöru. Svæðið er hugsað til að draga úr áhrifum iðnaðarsvæðis á íbúðarbyggð sem gert er ráð fyrir vestar á tanganum í skipulaginu.

SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR

Í gildandi aðalskipulagi eru eftirfarandi markmið m.a. sett um svæði fyrir þjónustustofnanir:

- ◆ Ísafjarðarbær standi áfram undir nafni sem menningarbær
- ◆ Gamlar byggingar með sögulegu gildi verði nýttar fyrir menningarlífið
- ◆ Auka vægi safna og safnastarfs í menningu bæjarins

Vestasti hluti Suðurtanga er skilgreindur sem svæði fyrir þjónustustofnanir í gildandi aðalskipulagi. Þar er m.a. safnasvæðið í Neðstakaupstað og gamli slippurinn. Skipulagið gerir ráð fyrir stækkun og eflingu safnasvæðisins. Safnasvæðið og gamla fjaran að slippnum eru hverfisvernduð.

VEITUR

Í gildandi aðalskipulagi er m.a. sett markið um að byggja upp veitukerfi sem stenst samanburð við aðra byggðakjarna á landinu en jafnframt lágmarka neikvæð umhverfisáhrif vegna þessa.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að allt skólþ frá Eyrinni verði leitt út fyrir hana. Hreinsun heimilisskólps skal miðast við grófhreinsun rusls sem veldur sjónmengun. Skólþ skal leitt út í sjó þar sem viðtakinn ræður vel við þá mengun sem þangað berst. Stefnt skal að tvöföldu fráveitukerfi í öllum hverfum sveitarfélagsins. Grófhreinsistöð er ekki tilgreind eða staðsett á Suðurtanga í gildandi skipulagi.



Suðurtangi – Endurskoðun deiliskipulags Skipulagslýsing

SAMGÖNGUR

Markmið um samgöngur, í 12. kafla gildandi aðalskipulags, eru m.a. eftirfarandi:

- ◆ Auka öryggi vegfarenda
- ◆ Tekið verði tillit til náttúru og sérstöðu svæðisins við skipulag og ákvarðanatöku í samgöngumálum
- ◆ Efla almenningsamgöngur
- ◆ Innan þéttbýlissvæða verði áhersla lögð á það að gera net göngu- og hjólaleiða sem verði raunhæfur valkostur í samgöngum

Í umfjöllun um gatnakerfi í þéttbýli í gildandi aðalskipulagi eru eftirfarandi markmið m.a. sett:

- ◆ Tryggja ásættanlegt gatnakerfi fyrir íbúa og aðra notendur
- ◆ Tryggja örugga akstursleið um Eyrina á Ísafirði
- ◆ Lágmarka neikvæð áhrif umferðar á byggð
- ◆ Tryggja að umferð og götur skerði sem minnst útivistarsvæði og náttúru

Markmið um göngu- og hjólaleiðir í kafla 12.2 eru:

- ◆ Allir íbúar í þéttbýli hafi greiðan aðgang að öruggum gönguleiðum
- ◆ Tengja saman einstök hverfi með öruggu stígakerfi sem gegni hlutverki samgangna, auk útivistar
- ◆ Fyrirkomulag gönguleiða hvetji íbúa sveitarfélagsins til að stunda útivist og holla hreyfingu
- ◆ Gönguleiðir verði aðlaðandi og í sem heilsusamlegustu umhverfi

Í gildandi aðalskipulagi segir að gott aðgengi að göngu- og hjólaleiðum sé mikilvægur þáttur í því að efla lýðheilsu. Einnig að stígakerfið eigi að vera valkostur við aðrar samgönguleiðir og þannig stuðla að heilnæmara

umhverfi. Í aðalskipulaginu er því lögð áhersla á að mynda net göngu- og hjólaleiða í og við þéttbýlisstaðina. Áhersla er lögð á að megingönguleiðir verði færar öllum íbúum, allt árið og ávallt verði leitast við að hafa aðgengi fyrir alla, þar sem því verður við komið.

Aðalskipulagið leggur áherslu á að útigögn við stíga, s.s. bekkir og sorpílát, verði með hæfilegu millibili, þannig að svæðin nýtist öllum. Mikilvægt er að göngu- og hjólaleiðir verði lagðar þannig að jákvæð áhrif frá umhverfinu nýtist sem best en að neikvæð áhrif, eins og frá bílaumferð, verði lágmerkud. Áhersla er einnig lögð á að leita öruggra lausna þar sem göngu- og hjólaleiðir þvera stærri umferðargötur.

NÁTTÚRUVÁ

Í 3. kafla gildandi aðalskipulags er fjallað um náttúruvá og markmið varðandi þau eru eftirfarandi:

- ◆ Íbúar sveitarfélagsins búi við ásættanlegt öryggi m.t.t. náttúruvár
- ◆ Eignir verði sem best varðar fyrir náttúruvá
- ◆ Landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúruvár

Markmið varðandi viðbrögð í sjávarrofi eru þessi:

- ◆ Rofvörnum verði haldið við þar sem landbrot er við byggð
- ◆ Ásýnd byggðar og lands verði hlíft eins og kostur er, sérstaklega náttúrulegum fjörum

Í aðalskipulaginu segir að ráðast þurfi í frekari rannsóknir á hæðarbreytingum lands og öðrum þáttum er snerta sjóvarnir til að hægt sé að meta það með hvaða hætti er best að verja byggð og mannvirki fyrir ágangi sjávar. Við skipulag og hönnun sjóvarna þurfi jafnframt að huga að útsýni og ásýnd Eyrarinnar.



Suðurtangi – Endurskoðun deiliskipulags Skipulagslýsing

HVERFISVERND

Safnasvæðið og gamla fjaran að slippnum eru hverfisvernduð. Markmið hverfisverndarinnar er að:

- ♦ Varðveita húsabyrpinguna og tryggja gæði umhverfisins þannig að svæðið styrkist sem heild
- ♦ Varðveita fjöruna en jafnframt tryggja aðgengi almennings að henni

Lögð er áhersla á það að húsabyrpingin og fjaran verði vernduð sem heildstæð eining.

2.11 Gildandi deiliskipulag

Fyrirhugaðar skipulagsbreytingar taka til tveggja deiliskipulaga sem unnin voru samhliða og samþykkt árið 2015 (sjá skipulagsupprætti í viðauka). Breytingarnar eru afgerandi og því verður gerð heildarendurskoðun á báðum skipulögum. Gildandi skipulög verða bæði felld úr gildi og ný taka gildi í þeirra stað. Deiliskipulagið *Suðurtangi, íbúðar- og þjónustusvæði* (vestari hluti Suðurtanga) fær nýtt heiti í samræmi við breytta landnotkun svæðisins.

SUÐURTANGI, ÍBÚÐAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI – SAMÞYKKT 5. NÓVEMBER 2015.

Meginmarkmið gildandi deiliskipulags er að skapa rými fyrir íbúðarbyggð þar sem gæðin byggjast á góðu aðgengi að sjó og aðstöðu fyrir sjósport sem og nálægð við miðbæ og þjónustu. Markmiðið er jafnframt að efla umhverfi minja sem eru á svæðinu og tryggja vernd þeirra. Þá er einnig lögð áhersla á að innan svæðisins verði mögulegt að efla þjónustu fyrir íbúa og gesti.

Skipulagssvæði gildandi deiliskipulags er ætlað fyrir blandaða byggð þjónustu og íbúða. Styrkleiki hverfisins byggir á nálægðinni við sjóinn og aðgengi að honum, ásamt nálægðinni við miðbæinn. Í skipulaginu er gert

råd fyrir að efla safnastarfsemi og auka möguleika á ferðaþjónustu á svæðinu.

Alls er gert råd fyrir 63 lóðum á svæðinu, þar af 57 nýjum, í gildandi skipulagi. Jafnframt er gert råd fyrir öflugum útivistarsvæðum og gönguleiðum sem tengja svæðið við efri hluta Eyrarinnar.

SUÐURTANGI, HAFNAR OG IÐNAÐARSVÆÐI – SAMÞYKKT 5. NÓVEMBER 2015.

Skipulaginu hefur verið breytt fjórum sinnum frá gildistöku þess. Meginmarkmið deiliskipulagsins er að skapa rými fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi sem sækir styrk sinn í nálægð við hafnaraðstöðu og um leið rennir styrkari stoðum undir rekstur hafnarinnar. Markmiðið er jafnframt að auka og bæta hafnaraðstöðu bæjarins sem og að styrkja núverandi atvinnusvæði á Eyrinni.

Skipulagssvæðið er ætlað fyrir hafnsækin iðnað næst höfninni og almennan iðnað fjær henni. Gert er råd fyrir að lengja hafnarkantinn til suðurs og auka landrými um 3 ha með landfyllingu. Þær framkvæmdir eru langt komnar eins og fram hefur komið. Alls er gert råd fyrir 34 lóðum á svæðinu og hafa þegar verið byggð nokkur hús og fleiri eru í undirbúningi.

Aðliggjandi þessum tveimur deiliskipulögum er deiliskipulag Ísafjarðarhafnar sem samþykkt var í október 1995.

2.12 Tengsl við aðrar áætlanir

Í vinnsluferli deiliskipulaganna verður gætt að samræmi við stefnu stjórnvalda á landsvísu um skipulagsmál og stefnu Ísafjarðarbæjar. Helstu áætlanir og stefnuskiöl eru tilgreind í þessum kafla.

Landsskipulagsstefna 2015-2026

Landskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga og felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við



Suðurtangi – Endurskoðun deiliskipulags Skipulagslýsing

skipulagsgerð sveitarfélaga. Deiliskipulögin tengist einkum landsskipulagsstefnu um búsetumynstur og dreifingu byggðar. Markmiðið er að þróun þéttbýlis og fyrirkomulag byggðar stuðli að sjálfbærni með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og markvissu og samþættu skipulagi byggðar og samgangna. Skipulagsgerðin varðar einkum gr. 3.3 *Gæði hins byggða umhverfis*. Þar er lögð áhersla á að skipulag byggðar og bæjahönnun stuðli að gæðum í hinu byggða umhverfi og að yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð. Jafnframt verði stuðlað að heilnæmu umhverfi sem veiti góð skilyrði til búsetu og möguleika til fjölbreyttrar útiveru. Einnig tengist gr. 3.5.2 *Samgöngur í þéttbýli* skipulagsgerðinni, en þar er mælt til að sveitarfélög marki samþætta stefnu í skipulagi um byggð og samgöngur. Áhersla verði lögð á göngu- og hjólavænt umhverfi og að tvinna saman almenningssamgöngur og byggðaskipulag.²²

Aðrar áætlanir og stefnumótandi verkefni

Hér eru dæmi um áætlanir og stefnuskjöl á landsvísu sem varða sérstaklega deiliskipulögin.

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum tekur til helstu aðgerða stjórnvalda til að draga úr losun og auka kolefnisbindingu úr andrúmslofti, þannig að Ísland geti staðið við alþjóðlegar skuldbindingar sínar í loftslagsmálum og áform um kolefnishlutleysi 2040. Orkuskipti í samgöngum og átak í kolefnisbindingu eru tvö helstu áhersluatriði áætlunarinnar.²³

Í ljósi loftslagsvár - Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum er stefna íslenskra stjórnvalda um aðlögun samfélags okkar að loftslagsbreytingum. Hún felur í sér að grípa til mótvægisáðgerða, til að draga úr losun og auka bindingu, og aðgerða til þess að aðlaga samfélagið að þeim breytingum sem óhjákvæmilega munu verða. Markmiðið er m.a. að taka mið af

samfélagslegum áhrifum loftslagsbreytinga, s.s. breytingum á íbúafjölda, búsetumynstri, atvinnutækifærum og matvælaframleiðslu. Einnig að vinna við aðlögun að loftslagsbreytingum sé fjármögnuð og aðgerðir stuðli að réttlátri aðlögun.²⁴

Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 er stefnumótandi byggðaáætlun fyrir Vestfirði og felur í sér stöðumat, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir. Til umfjöllunar eru einkum atvinna, nýsköpun, samfélag, umhverfi, skipulag og menning. Í áætluninni er m.a. lögð áhersla á að fjölga fyrirtækjum, störfum og vel menntuðu starfsfólki. Einnig að auka umhverfisvitund íbúa, sveitarfélaga og fyrirtækja, bæta aðgengi að sjálfbærum lausnum og bjóða upp á framúrskarandi aðstöðu til útivistar.²⁵

Áfangastaðaáætlun Vestfjarða er heildstæð áætlun sem snýst um uppbyggingu ferðaþjónustu og áfangastaða. Meginmarkmið áætlunarinnar er m.a. uppbygging gæðaáfangastaða, bætta samgöngur, viðhald sérkenna svæðis og náttúru og heilsársferðaþjónustu.²⁶

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna árið 2015. Íslensk stjórnvöld hafa valið sérstök forgangsmarkmið til að vinna að og eru nánar útfærð í öðrum áætlunum stjórnvalda, svo sem aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.²⁷

Ísafjarðarbær er aðili að *Heilsueflandi samfélagi*, en meginmarkmið verkefnisins er að styðja samfélög í að vinna með markvissum hætti að því að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lifnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa. Í slíku samfélagi er heilsa og líðan íbúa í fyrirrúmi í stefnumótun og aðgerðum á öllum sviðum.²⁸

²² Skipulagsstofnun, 2016

²³ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2020

²⁴ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2021

²⁵ Vestfjarðastofa 2023A

²⁶ Markaðsstofa Vestfjarða og Ferðamálastofa, 2018

²⁷ Stjórnarráð Íslands, 2020a

²⁸ Embætti landlæknis, 2023



3 Viðfangsefni og áherslur

Við skipulagsgerðina verður útfærð stefna um þróun Suðurtanga. Tryggja þarf nægt framboð af atvinnulóðum en jafnframt leita leiða til að lágmarka árekstra á milli mismunandi aðila á svæðinu. Viðhalda þarf gæðum byggðar á Skutulsfjarðareyri og vernda byggðina í Neðstakaupstað. Sérstök áhersla verður lögð á að bæta umferðaröryggi á Suðurtanganum og tengsl tangans við Eyrina. Taka þarf til greina vág vegna loftslagsbreytinga og sjávarflóða í ljósi fyrirbyggjandi upplýsinga um sjávarflóð. Í skipulaginu verða teknar ákvarðanir og settir skilmálar um þætti eins og staðsetningu og umfang nýrra bygginga, götumynd, hljóðvist, ljósvist, almenningsrými, algilda hönnun, gönguleiðir, hjólaleiðir og götur, sbr. viðfangsefni og efnistöð deiliskipulags í gr. 5.3.2 skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Skipulaginu er ætlað að vera sveigjanlegt en einnig stuðla að seiglu svæðisins til að takast á við umhverfis- og tæknibreytingar.

Lögð verður áhersla á að ferlið verði opið og vandað verði til allrar upplýsingagjafar til íbúa við skipulagsgerðina. Lögð verður áhersla á vandaða samráðsvinnu og nýttar viðeigandi aðferðir til að virkja íbúa til þátttöku (kafli 6).

4 Umhverfismat deiliskipulags

Hvað er umhverfismat áætlana

Umhverfismat áætlana felst í að meta áhrif skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið og **nýta niðurstöður** matsins til að **draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum** þeirra.

Umhverfismat ber að vinna sem **hluta af skipulagsáætlunum** sveitarfélaga (svæðisskipulags, aðalskipulags og deiliskipulags) og áætlana á borð við rammaáætlun og samgönguáætlun.

Ákvæði um umhverfismat áætlana er bæði að finna í sérstökum lögum um umhverfismat áætlana og framkvæmda og í 12. gr. skipulagslaga.

4.1 Matsskylda áætlunar

Endurskoðun deiliskipulags fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. 2. gr. laganna. Áhrif deiliskipulaganna á þá þætti umhverfisins sem gætu orðið fyrir áhrifum verða metin við skipulagsgerðina og mið tekið af niðurstöðum matsins við hana. Umhverfismatsskýrsla verður hluti af greinargerð skipulagsins.

4.2 Mikilvægir umhverfisþættir

Áhrifaþættir eru þeir hlutar stefnunnar eða framkvæmdarinnar sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið. Umhverfisþættir eru þeir þættir sem framkvæmdin eða stefnan getur haft áhrif á. Umhverfismatinu er ætlað að lágmarka neikvæð áhrif og hámarka þau jákvæðu.



Umhverfisþættir eru skilgreindir í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana en frekari útfærsla og vinsun þeirra byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand og aðrar forsendur (Tafla 2).

Tafla 2 Matsþættir og umhverfisþættir sem teljast líklegir til þess að verða fyrir áhrifum vegna deiliskipulagsins.

Matsþáttur	Umhverfisþættir	Skýringar
Náttúrufarslegir þættir	Líffræðileg fjölbreytni, loftslag, jarðvegur og landslag	Röskun vegna uppbyggingar á náttúrulegu landi og í sjó og röskun búsvæða getur haft neikvæð áhrif á umhverfisþættina. Fjaran við Neðstakaupstað er hverfisvernduð.
Menningarleg verðmæti	Bæjarlandslag og menningarminjar	Möguleg áhrif á menningarminjar. Uppbygging á svæðinu kann að hafa áhrif á heildarmynd Eyrarinnar sem er að hluta til hverfisvernduð vegna ásýndar og sögu. Öll Eyrin, þ.m.t. Suðurtangi, hefur sterk tengsl við sjóinn og artvinnusögu sem á að viðhalda samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Bygging sjóvarna kann að hafa áhrif á bæjarlandslag.
Hagrænir þættir og innviðir	Íbúar og efnisleg verðmæti	Uppbygging og fyrirkomulag á Suðurtanga hefur bein áhrif á þróun atvinnulífs á Ísafirði. Tryggja þarf nægt rými fyrir atvinnustarfsemi og lágmarka árekstra á milli aðila. Vernda þarf byggðina fyrir sjávarflóðum.
Heilsa og öryggi	Heilbrigði manna, íbúar, landslag og næmni fyrir hættu á náttúruhamförum	Skipulagið breytir ásýnd Eyrarinnar. Við skipulagsgerðina skapast tækifæri til að bæta umferðaröryggi gangandi, hjólandi og akandi. Vernda þarf byggðina fyrir sjávarflóðum.

4.3 Aðferðir við umhverfismat

Við umhverfismat er stuðst við þær upplýsingar sem fyrir liggja um grunnástand umhverfis og upplýsingar sem aflað hefur verið við undirbúning deiliskipulagsins. Þá verður einnig leitað til sérfróðra aðila, stofnana og annarra sem kunna að búa yfir þekkingu á staðhættum, gerist þess þörf.

Unnin verður umhverfismatsskýrsla samhliða deiliskipulagsgerðinni, þar sem greint verður frá mögulegum umhverfisáhrifum af framkvæmdinni og útfærslu hennar í deiliskipulagi. Lögð verður fram tillaga að deiliskipulagi ásamt umhverfismatsskýrslu til lögbundinnar kynningar.

Notast verður við umhverfisviðmið og vísa til að meta umfang og vægi áhrifa sem skipulagið kann að valda. Viðmiðunum er ætlað að lýsa æskilegri þróun með tilliti til sjálfbærni og umhverfis. Umhverfisviðmið, vísar og tengsl þeirra við umhverfisþætti eru birt í töflu 4 á næstu blaðsíðu. Umhverfisviðmiðin eru í grunnin byggð á heimsmarkmiðunum, landsskipulagsstefnu og öðrum áætlunum á landsvísu, auk markmiða viðeigandi laga.

Stuðst verður við vægiseinkunnir við mat á valkostum og einstökum þáttum skipulagsins í samræmi við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar (Tafla 3).²⁹

Í umhverfismatinu verður lagt mat á hvort skipulagið eða einstakir hlutar þess styðji eða gangi gegn umhverfisviðmiðunum. Settar verða fram matsspurningar sem vísa til umhverfisviðmiðanna.

²⁹ Skipulagsstofnun, 2007



Tafla 3 Vægis Einkunn fyrir umhverfismat áætlunar.

Vægis einkunn	Skýringar
++	Veruleg jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega jákvæðri breytingu á umhverfinu.
+	Jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið.
0	Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við. Tillaga að stefnu eða framkvæmd hefur engin, lítil eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið.
-	Neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið.
--	Veruleg neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega neikvæðri breytingu á umhverfinu.
?	Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar. Óvíst er eða háð útfærslu hvort tillaga að stefnu eða framkvæmd styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði.

4.4 Valkostir

Gert verður sameiginlegt umhverfismat fyrir bæði deiliskipulögin. Settir eru fram þrjú megin valkostir um þróun Suðurtanga í umhverfismatinu.

A. Íbúðarsvæði og atvinnusvæði:

Á Suðurtanga verði íbúðarsvæði og atvinnusvæði, auk þjónustusvæðis á vestanverðum tanganum í samræmi við gildandi aðalskipulag og deiliskipulag.

B. Atvinnusvæði og þjónustusvæði:

Á Suðurtanga verði atvinnusvæði auk þjónustusvæðis á vestanverðum tanganum.

C. Takmörkuð uppbygging:

Uppbygging á Suðurtanganum takmarkist við þær byggingar sem þegar hafa verið byggðar og aðra nýtingu sem kallar ekki á nýbyggingar.

Að auki verða skoðaðar mismunandi útfærslur á móttöku skemmtiferðaskipa, sjónvörnum og staðsetningu gámasvæðis.



Tafla 4 Umhverfisviðmið, umhverfisvísar og umhverfisþættir sem byggt verður á í umhverfismati.

Umvhverfisviðmið	Byggt á	Umvhverfisvísar	Umvhverfisþættir													
			Íbúar	Heilbrigði manna	Dýr	Plöntur	Líffræðileg fjölbreytni	Jarðvegur	Jarðmyndanir	Vatn	Loft	Loftslag	Efnisleg verðmæsti	Menningararfleifð	Landslag	Næmni fyrir hættu á slysum og náttúruhamförum
Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar Draga úr ótímabærum dauðsföllum af völdum lífsstílstengdra sjúkdóma. Stuðla að geðheilbrigði og vellíðan, heilnæmu umhverfi og góðum möguleikum til útiveru. Draga úr slysum og dauðsföllum af völdum umferðarslysa.	Heimsmarkmið nr. 3 Landsskipulagsstefna	umferðarslys aðgengi að útivist ásýnd lands bæjarlandslag hljóðstig														
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum Gefa öllum kost á að ferðast með öruggum, sjálfbærum og aðgengilegum ferðamátum. Bæta umferðaröryggi og almenningssamgöngur.	Heimsmarkmið nr. 11 Landsskipulagsstefna	ferðamátar almenningssamgöngur umferðarslys loftgæði														
Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra Stuðla að orkuskiptum í samgöngum og kolefnisbindingu. Flétta aðgerðir vegna loftslagsbreytinga inn í skipulag og áætlanagæð. Stuðla að öryggi almenningss gagnvart náttúruvá og loftslagsbreytingum.	Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum	binding kolefnis losun kolefnis náttúruvá sjóvarnir														
Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi Tryggja varðveislu, endurheimt og sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi og í ferskvatni og þjónustu þeirra. Grípa til aðgerða til að draga úr hnignun búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni.	Heimsmarkmið nr. 15 Lög um náttúruvernd	líffræðileg fjölbreytni gróðurfar Fuglalíf Verndarsvæði														
Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt Draga úr mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi. Stuðla að heilbrigðu umhverfi hafsins með því að vernda og stjórna nýtingu á vistkerfum sjávar og strandsvæða og koma í veg fyrir veruleg neikvæð áhrif, styrkja viðnámsþol og endurheimta vistkerfi.	Heimsmarkmið nr. 14	Ástand sjávar og strandsvæða Mengun frá landi														
Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi Stuðla að varðveislu og vernd náttúru- og menningarminja sem felast í líffræðilegum fjölbreytileika, fjölbreytni jarðmyndana, landslagi og minjum um sögu og búsetu. Yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðháttum	Landsskipulagsstefna Menningarstefna í mannvirkjagæð Lög um menningarm.	Fágæti landslags Ásýnd lands Bæjarlandslag Byggðamyndur Fornleifaskráning Húsakönnun														



Umhverfisviðmið	Byggt á	Umhverfisvísar	Umhverfisþættir												
			Íbúar	Heilbrigði manna	Dýr	Plöntur	Liffræðileg fjölbreytni	Jarðvegur	Jarðmyndanir	Vatn	Loft	Loftslag	Efnisleg verðmæti	Menningararfleifð	Landslag
<p>Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla</p> <p>Viðhalda hagvexti í samræmi við aðstæður. Draga úr hagvexti sem gengur á umhverfið. Stuðla að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs. Stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.</p>	Heimsmarkmið nr. 8 Landsskipulagsstefna	Hagvöxtur Íbúafjöldi Staða atvinnulífs og Fjölbreytni													
<p>Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun</p> <p>Þróa trausta innviði sem eru sjálfbærir og með viðnámsþol gagnvart breytingum, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velferð allra. Stuðla að samkeppnishæfni, þoli og eflingu samfélags og atvinnulífs. Nýta skipulag til að styðja jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis og dreifbýlis.</p>	Heimsmarkmið nr. 9 Landsskipulagsstefna	Fjarskipti Veitur Umferð Vinnu- og þjónustusókn Aðgengi að þjónustu													
<p>Skipulag byggðar og bæjahönnun stuðli að gæðum í hinu byggða umhverfi</p> <p>Huga að mælikvarða byggðar, byggðamynstri og samspili byggðar, bæjarrýma og ferðamáta. Huga að almenningssamgöngum og útivistarsvæðum með það að markmiði að hvetja til útiveru, hreyfingar og náttúruupplifunar. Varðveita verðmæt náttúrusvæði í byggð. Taka tillit til sögulegs samhengis í þróun byggðar og nýta menningararfinn til að styrkja sérkenni og staðaranda.</p>	Landsskipulagsstefna	Aðgengi að útivist Ásýnd lands Vistkerfi Ferðamátar Menningarminjar Verndarsvæði													
<p>Skipulag byggðar og landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggð og samgöngur með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreytta ferðamáta</p> <p>Stuðla að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða, með styrkingu byggðar að leiðarljósi. Áhersla á göngu- og hjólavænt umhverfi og að tvinna saman almenningssamgöngur og byggðaskipulag. Gatnaskipulag og gatnahönnun miði að því að skapa bæjarrými og umferðarrými fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur.</p>	Landsskipulagsstefna	Ferðamátar Losun kolefnis Umferð Umferðarslys													



5 Skipulagsferlið

5.1 Kynning og samráð

Kynning skipulagslýsingar

Kynning lýsingarinnar er í samræmi við gr. 5.2.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Lýsinguna er hægt að nálgast á vef Ísafjarðarbæjar. Hún er jafnframt auglýst í dagblaði sem gefið er út á landsvísu, á vef BB og í Skipulagsgáttinni (skipulagsgatt.is). Samhliða þessu er lýsingin send til umsagnar Skipulagsstofnunar og þeirra aðila sem tilgreindir eru í kafla 6.4 Umsagnaraðilar. Bæjarstjórn ber ekki skylda til að svara, með formlegum hætti, athugasemdum sem kunna að berast vegna lýsingarinnar, skv. 5.2.4. í skipulagsreglugerð.

Kynning tillögu að deiliskipulagi

Unnin eru drög að deiliskipulagi og áður en skipulagstillagan er tekin til afgreiðslu í bæjarstjórn, eru drögin að skipulagstillögu kynnt í samræmi við 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Kynningin er auglýst á vef BB, á vef Ísafjarðarbæjar og í Skipulagsgáttinni.

Að lokinni kynningu á vinnslustigi er deiliskipulagstillagan tekin fyrir og afgreidd í bæjarstjórn. Í framhaldinu er tillagan auglýst, með 6 vikna athugasemdafresti, í dagblaði sem er gefið út á landsvísu sem og á vef BB og í Skipulagsgáttinni. Skipulagstillagan mun liggja frammi á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar. Jafnframt er tillagan aðgengileg á vef bæjarins. Þegar frestur til athugasemda er liðinn fjallar bæjarstjórn um tillöguna á ný og tekur afstöðu til þeirra athugasemda sem hafa borist. Í framhaldinu afgreiðir bæjarstjórn deiliskipulagið og sendir það, ásamt samantekt á málsmeðferð, til Skipulagsstofnunar til yfirferðar. Samþykkt deiliskipulag verður að lokum auglýst í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við skipulagslög og tekur þar með gildi.

5.2 Tímaáætlun verkefnis

Tímaáætlun miðast við að lýsing skipulagsverkefnisins verði auglýst í september 2023 (Tafla 5). Gert er ráð fyrir að vinnslutillaga fyrir bæði skipulögin verði kynnt í nóvember 2023. Áætlun verkefnisins gerir ráð fyrir að skipulagstillaga fyrir eystra skipulagið (Suðurtangi, hafnar- og iðnaðarsvæði) verði samþykkt í bæjarstjórn í mars 2024. Vestara skipulagið (Suðurtangi, íbúðar- og þjónustusvæði) er háð breytingu á gildandi aðalskipulagi og mun verða auglýst samhliða heildarendurskoðuðu aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar, líklega í lok árs 2024 eða snemma árs 2025.

Tafla 5 Tímaáætlun fyrir endurskoðað deiliskipulag á austurhluta Suðurtanga (hafnar- og iðnaðarsvæði).

Verkþáttur\Tími	Tímaáætlun
Skipulagslýsing lögð fyrir bæjarstjórn til samþykktar	September 2023
Skipulagslýsing send til Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila til umsagnar. Jafnframt auglýst og kynnt almenningi, með þriggja vikna fresti til að skila inn athugasemdum.	September – október 2023
Drög að deiliskipulagi samþykkt í bæjarstjórn.	Nóvember 2023
Vinnslutillaga að deiliskipulagi kynnt almenningi.	Nóvember-Desember 2023
Tillaga að deiliskipulagi samþykkt í bæjarstjórn.	Janúar 2024
Tillaga að deiliskipulagi auglýst skv. lögum með sex vikna athugasemdafresti.	Janúar – febrúar 2024
Tillaga að deiliskipulagi samþykkt í bæjarstjórn.	Mars 2024
Samþykkt deiliskipulag og afgreiðsla bæjarstjórnar send til Skipulagsstofnunar til yfirferðar.	Apríl 2024
Samþykkt bæjarstjórnar á nýju deiliskipulagi og auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda.	Maí 2024



6 Ábyrgðar- og samráðsaðilar við gerð deiliskipulags

Bæjarstjórn ber ábyrgð á gerð skipulags. Skipulags- og mannvirkjanefnd fjallar um skipulagsvinnuna í umboði bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar í samræmi við skipulagslög og skipulagsreglugerð.

6.1 Bæjarstjórn og skipulags- og mannvirkjanefnd


Skipulags- og mannvirkjanefnd, skipulagsfulltrúi og skipulagsráðgjafar koma með beinum hætti að skipulagsvinnunni. Bæjarstjórn og skipulags- og mannvirkjanefnd fjalla um málefni deiliskipulaganna eftir því sem tilefni er til. Aðrar nefndir sveitarfélagsins munu, eftir því sem við á, vinna að öflun gagna og koma að skipulagsgerðinni.

6.2 Vinnuhópur

Skipulagsfulltrúi, formaður skipulags- og mannvirkjanefndar, hafnarstjóri og verkefnisstjóri ráðgjafa mynda vinnuhóp sem sér um gerð deiliskipulaganna hjá sveitarfélaginu (Mynd 8).

6.3 Samvinna við íbúa og hagsmunaaðila

Ákveðið hefur verið að hafa allt ferlið opið og gegnsætt og að íbúar og aðrir hagsmunaaðilar verði upplýstir um gang mála. Markmiðið er að afla sem bestra gagna og gefa sem flestum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Rík áhersla er því lögð á beina aðkomu íbúa og hagsmunaaðila að skipulagsvinnunni. Einnig verður leitað álits sérfræðinga þegar þörf verður á faglegu mati eða öðrum sérhæfðum upplýsingum vegna skipulagsvinnunnar.



Mynd 8 Yfirlit yfir ábyrgðar- og samráðsaðila við endurskoðun deiliskipulags Suðurtanga.



6.4 Umsagnaraðilar

Umsagnaraðilar eru skv. skipulagslögum skilgreindir sem opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála og leyfisveitingum þeim tengdum. Skipulagslýsingin verður send eftirfarandi aðilum til umsagnar:

- ◆ Skipulagsstofnun
- ◆ Veðurstofan
- ◆ Minjastofnun Íslands
- ◆ Vegagerðin
- ◆ Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- ◆ Slökkvilið Ísafjarðarbæjar
- ◆ Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
- ◆ Orkubú Vestfjarða
- ◆ Snerpa
- ◆ Míla
- ◆ Isavia
- ◆ Umhverfisstofnun
- ◆ Samgöngustofa
- ◆ Bolungarvíkurkaupstaður

Við vinnslu deiliskipulaganna, verður einnig leitað til annarra samtaka, stofnana, fagaðila og einstaklinga eftir því sem viðfangsefnið gefur tilefni til.

Heimildir

Alta, 2022. Neðstikaupstaður og gamli bærinn á Eyrinni. Verndarsvæði í byggð. Auglýsing tillögu skv. 5. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015. Júlí 2022.

Björn Erlingsson, 2014. Af sjávarflóðum á Skutulsfjarðareyri, aðferð við bráðabyrgða sjávarflóðamat. Drög. Veðurstofa Íslands, BE/19/11/2014.

Bragi Bergsson, Herborg Árnadóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir, 2022. Ísafjörður – Neðstikaupstaður og gamli bærinn á Eyrinni. Húsakönnun. Ísafjörður 2022.

Byggðasafn Vestfjarða, 2005. Safnvisir. Upplýsingarrit Byggðasafns Vestfjarða.

Elísabet Gunnarsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir, 1992-3. Skutulsfjarðareyri. Húsakönnun á Ísafirði 1992-3. Handrit.

Embætti Landlæknis, 2023. Heilsueflandi samfélag. Sótt 8. maí 2023 af <https://island.is/heilsueflandi-samfelag>

Halldór Björnsson, Guðrún Elín Jóhannsdóttir, Angel Ruiz Angulo, Kevin Dubois og Emil Snorri Árnason, 2022. Mat á endurkomutíma óveðursflóða reiknað með Delft3DFM. Veðurstofa Íslands 2022-009.

Ísafjarðarbær, 2019. Framtíðarskipan komu skemmtiferðaskipa. Skýrsla starfshóps.

Ísafjarðarbær, 2021. Dýpkun við Sundabakka á Ísafirði. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla. Sótt 1. september 2021 af <https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat-/1672/202007022%20-%20D%20C3%BDpkun%20vi%20C3%B0%20Sundabakka%20C3%A1%20C3%8Dsafir%20C3%B0i.pdf>

Ísafjarðarbær, 2023. Skemmtiferðaskip 2023. Sótt 20. ágúst af <https://www.isafjordur.is/is/thjonusta/samgongur/hafnir/-skemmtiferdaskip/skemmtiferdaskip-2023>

Markaðsstofa Vestfjarða og Ferðamálastofa, 2018. Áfangastaðaáætlun Vestfjarða. Sótt 9. maí 2023 af https://www.vestfiridir.is/static/files/Ferdathjonusta-/Afangastadaaaetlun/afangastadaaaetlun_vestfjarda.pdf

Minjastofnun Íslands, 2023. Minjavefsjá. Sótt 5. maí 2023 af <https://www.map.is/minjastofnun/>

Náttúrufræðistofnun Íslands, 2023. Sérstök vernd vistkerfa og jarðminja. Sótt 8. maí 2023 af <https://serstokvernd.ni.is/>

Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher, 2002. Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ. I. hluti Eyrarhreppur hinn forni Svæðisskráning og aðalskráning jarðanna; Eyri, Seljaland, Tunga, Hafrafell, Engidalur, Fossar og Kirkjuból. Bolungarvík, Náttúrustofa Vestfjarða og Fornleifastofnun Íslands, NVNR8/02.

Ragnar Edvardsson, 2019. Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ vegna verkefnisins „Verndarsvæði í byggð“. Bolungarvík.

Sigurður Sigurðarson, 2018. Lágsvæði – viðmiðunarreglur fyrir landhæð - Útgáfa A. Vegagerðin.

Skipulagsstofnun, 2016. Landsskipulagsstefna 2015-2026 ásamt greinargerð. Sótt 8. maí 2023 af <https://www.landsskipulag.is/>

Skipulagsstofnun, 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlaða. Sótt 8. maí 2023 á <https://www.skipulag.is/>

Stjórnarráð Íslands, 2020a. Heimsmarkmiðin. Sótt 25. ágúst 2021 af <http://heimsmarkmidin.is/>

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2020. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun

gróðurhúsalofttegunda til 2030. Júní 2020. Sótt 8. maí 2023 af <https://www.stjornarradid.is/>

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2021. Í ljósi loftslagsvárs – Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum. September 2021. Sótt 9. maí 2023 af <https://www.stjornarradid.is/>

Umhverfisstofnun, 2023. Náttúruminjaskrá. Sótt 8. maí 2023 af <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/vestfiridir/>

Veðurstofa Íslands, 2007. Hættumat fyrir Seljalandshverfi, Tunguskeið, Tungudal og Dagverðardal, dags. ágúst 2007.

Veðurstofa Íslands, 2012. Endurskoðun á ofanflóðahættumati fyrir innanverðan Gleiðarhjalla á Ísafirði.

Veðurstofa Íslands, 2023. Upplýsingar um veðurfar. Upplýsingar í tölvupósti.

Vestfjarðastofa, 2023A. Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024. Endurskoðaðar áherslur 2023. Sótt 9. maí 2023 af <https://www.vestfiridir.is/Vestfjarðarstofa.2020>.

Vestfjarðastofa, 2023B. Nýsköpunarbærinn Ísafjörður. Sótt 11. maí 2023 af <https://www.vestfiridir.is/is/moya/news/nyskopunarbaerinn-isafjordur>

Viðauki

Deiliskipulagið Suðurtangi, íbúðar- og þjónustuvæði – samþykkt 5. nóvember 2015.

